



Dalapósturinn

1. tölublað 2012

Dagvistun barna

Rúlluplast 2012

Fjárhagsáætlun 2012

Tómstundabæklingur

Álagning fasteignagjalda

Rafrænir greiðsluseðlar

Skuld til leigu

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Dagvistun barna

Dalabyggð auglýsir eftir aðilum til að taka að sér dagvistun barna í heimahúsum. Eftirspurn eftir leikskólavistun er meiri fyrri hluta ársins 2012 en leikskóladeild Auðarskóla getur annað. Sveitarstjórn Dalabyggðar ákvað 20. apríl 2010 að greiða niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Dalabyggð.

Niðurgreiðslur eru m.a. háðar eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
- b. Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára (að upphafi skólagöngu).
- c. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og félagsmálanefndar Dalabyggðar.

Reglur um niðurgreiðslur daggjalda eru á vef Dalabyggðar.

Þeir sem áhuga kunna að hafa á að taka að sér dagvistun á heimili sínu eru beðnir um að hafa samband við Svein Pálsson sveitarstjóra í síma 430 4700 eða með tölvupósti sveitarstjóri @ dalir.is.

Rúlluplast

Árið 2012 er áætlað að safna rúlluplasti dagana 23.-24. janúar, 16.-18. apríl, 9.-10. júlí og 15.-16. október.

Söfnunin er lögbýliseigendum að kostnaðarlausu, en sækja þarf um það til sveitarfélagsins fyrir 20. janúar 2012. Búið er að opna fyrir rafræna skráningu á heimasíðu Dalabyggðar.

Plastið skal haft á aðgengilegum stað fyrir sorpverktaka. Baggabönd og net skal setja sér í glæra plastpoka.

Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2012 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 20. desember 2011. Gert er ráð fyrir að rekstur A-hluta með eignasjóði verði lítillega jákvæður, en halli á rekstri samstæðu verði um 7 millj. kr.

Stærstu einingar í rekstri Dalabyggðar eru Auðarskóli og Silfurtún. Gert er ráð fyrir að rekstur Auðarskóla hækki ekki frá árinu 2011 þrátt fyrir launa- og kostnaðarhækkunar og rekstarkostnaður verði um 27 millj. kr. lægri en hann var á árinu 2010. Hagræðingaraðgerðir síðustu missera eru því farnar að skila sér. Umtalsverður halli hefur verið á rekstri Silfurtúns á liðnum árum og er uppsafnaður bókfærður halli síðustu ára um 100 millj. kr. Gert er ráð fyrir að rekstarhalli ársins 2011 verði um 17 millj. kr. en með yfirstandandi hagræðingaraðgerðum er gert ráð fyrir að unnt verði að minnka hallarrekstur í 9 millj. kr. á árinu 2012. Vonast er eftir að velferðarráðuneytið komi til móts við óskir Dalabyggðar um leiðrétt framlög á árinu 2013 og reksturniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2013.

Gert er ráð fyrir að taka 45 millj. kr. lán á árinu 2012 og að greiða niður lán um 22 millj. kr. Helstu framkvæmdir ársins verða við stjórnarsýsluhús, Auðarskóla og Dalabúð. Gert er ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar Dalabyggðar í árslok 2012 nemi um 474 millj. kr. eða um 76% af tekjum. Það er betri staða en flest sveitarfélög landsins búa við en gæta þarf þess að skuldahlutfallið hækki ekki sem neinu nemur. Þá er nauðsynlegt að ná jákvæðri rekstrarniðurstöðu frá og með árinu 2013.

Tómstundabæklingur

Tómstundabæklingur Dalabyggðar fyrir vorið 2012 er kominn út á vef Dalabyggðar.

Álagning fasteignagjalda

Dalabyggð tilkynnir hér með að ekki verða sendir út álagningarseðlar í bréfpósti fyrir árið 2012. Þess í stað geta eigendur fasteigna nálgast álagningarseðil sinn á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Þessi birting kemur í stað þess að senda tilkynningar með hefðbundnum bréfpósti.

Nokkur hagræðing felst í rafrænni upplýsingagjöf. Dreifing verður ódýrari þar sem kostnaður við prentun, umslög, pökkun og póstburðargjöld fellur niður. Eigandur fasteigna geta nálgast álagningaseðla þegar þeim hentar. Þeir sem eiga fasteignir í fleiri en einu sveitarfélagi geta fengið yfirsýn yfir öll sín fasteignagjöld á einum stað.

Byggðarráð hefur ákveðið að fasteignaeigendur 67 ára og eldri fái þó sendan álagningarseðil í bréfpósti að þessu sinni. Aðrir geta einnig óskað eftir álagningarseðli í bréfpósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 430 4700 eða á sveitarstjori@dalir.is.

Rafrænir greiðsluseðlar

Hætt verður að senda út greiðsluseðla í bréfpósti á árinu 2012 og geta þá viðskiptavinir nálgast seðlana á heimabanka sínum.

Íbúðarhús til leigu

Íbúðarhúsið Skuld í Saurbæ er laust til leigu. Húsið er um 126 m² að stærð og í ágætu ástandi. Húsið er laust nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri Dalabyggðar í síma 430 4700 eða með netpósti sveitarstjori@dalir.is